

Atvinnuvega- og  
Nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík  
Tilv.: ANR18100021/11.02.07

Drangsnesi 19. desember 2018

**Erindi: Umsókn um byggðakvóta**

Miðvikudaginn 19. desember 2018 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 7. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi. Fundinn sátu þeir Finnur Ólafsson, Ingólfur Árni Haraldsson og varamennirnir Ómar Már Pálsson, Bjarni Þórisson og Ingi V. Ingimarsson

*Sveitarfélagið í Kaldrananeshreppi bókaði eftir farandi á sveitarstjórnarfundum 19.12.2018.*

”

1. Byggðakvóti

Finnur og Ingólfur lýsa yfir vanhæfi og vika af fundi.

Bjarni tekur við að rita fundargerð

Úthlutaður Byggðakvóti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til Drangsness er 76 þorskígildistonn. Sveitarstjórn samþykkir byggðakvótaúthlutunina og óskar eftir sérreglum samanber eftir farandi tillögur.

Tillaga borin fram um að 1. Másl. 1. Mgr. 4. Gr reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangsnesi á fiskveiðiárinu 2017/2018 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Drangsness, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Drangsnesi í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Breytingar þessar væru hvati til nýliðunar í greininni auk þess að hafa tekjujafnandi áhrif á útgerðir sem fyrir eru.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga borin fram um að öllum aflu innan byggðakvóta verði að landa til vinnslu innan sveitafélagsins. Þannig breytist ákvæði 1. Másl. 1. Mgr. 6. Gr. Og verður: Fiskiskipum er

## *Kaldrananeshreppur.*

skylt að landa á Drangnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangness og til vinnslu innan Drangness á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Rökstuðningur: Byggðarkvóta er útteilt fyrst og fremst til að efla byggð og er æskilegt að hann skapi sem flest störf innan sveitafélagsins.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga borin fram um breytingu á 6. grein. að í stað textans: „Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“ komi textinn: „Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, sama magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“


Þessi breyting myndi hvetja kvótalitlar útgerðir til þátttöku í veiðum á byggðarkvóta og auka tækifæri þeirra til að stækka og styrkja þannig byggðalagið.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Finnur og Ingólfur koma aftur inn og Ingólfur tekur við að rita fundargerð.“

Virðingarfyllst

Fh Kaldrananeshrepps

  
Finnur Ólafsson, oddviti